

Skýrsla

119

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 3. og 4. ágúst 1896.

Ár 1896, 3. ágúst var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Ólafsdal af forseta þess, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðs. mönnunum Ásgeiri bónda Bjarnasyni á Knararnesi (úr Mýrasýslu), hreppstjóra dbrm. Þórði Þórðarsyni á Rauðkollsstöðum (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal (úr Dalasýslu), síra Guðmundi Guðmunds- syni í Gufudal (úr Austur-Barðastrandarsýslu), hjeraðslækni Davíð Sch. Thor- steinsson í Stykkishólmi (úr Vestur-Barðastrandarsýslu) og prófasti síra Páli Ólafssyni á Prestbakka (úr Strandasýslu). Úr Ísafjarðarsýslu var amtsráðsmaður eigi kominn, og gat forseti þess, að amtsráðsmaðurinn þar hefði fyrir nokkru í privatbrjefi skýrt sjer frá því, að öll líkindi væru til þess, að hvorugur fulltrú- anna þaðan mundi geta mætt á fundinum vegna anna.

Forseti lagði fram tilkynningar hlutaðeigandi sýslumanns um framfarna kosningu amtsráðsmanns og vara-amtsráðsmanns fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu á fundi sýslunefndarinnar þ. 15. og 16. maí f. á.; sem amtsráðsmaður hafði verið kosinn hjeraðslæknir Þ. Sch. Torsteinsson á Stykkishólmi, og sem vara-amtsráðs- maður síra Lárus Benediktsson í Selárdal fyrir tímabilið frá 1. júní 1895 til 31. maí 1901. Enn fremur var lögð fram tilkynning sama sýslumanns um kosningu á vara-amtsráðsmanni í Austur-Barðastrandarsýslu á fundi sýslunefndarinnar þar 28. júní f. á., í stað dbrm. Hafliða Eyjólfssonar úr Svetneyjum, sem andaðist á vorinu 1894, fyrir þann tíma, sem hann átti eptir að sitja í amtsráðinu, sem sje til 31. maí 1898; kosinn hafði verið Eyjólfur kaupmaður Jóhannsson í Flatey. Amtsráðið fann eigi neitt við kosningar þessar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1895, og var hann falinn amtsráðsmönnunum úr Strandasýslu og Vestur- Barðastrandarsýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði því næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1895, og var hann falinn amtsráðsmönnunum úr Snæ- fellsness- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu til endurskoðunar.
3. Þá var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vestur- amtsins fyrir 1895, og var hann fenginn í hendur amtsráðsmönnunum úr Austur-Barðastrandarsýslu og Mýrasýslu til endurskoðunar.
4. Síðast var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Vestur- amtsins fyrir 1895, sem var falinn hinum sömu amtsráðsmönnunum til endur- skoðunar.
5. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 28. desbr. f. á., um að útvega tillögur sýslunefnda um breytingar á hinni nógildandi læknaSKIPUN, en þótt neðri deild alþingis að eins hefði óskað eptir álitni sýslunefndanna um þetta mál, hefði það þótt nauðsynlegt, að fá einnig álit amtsráðanna um hina fyrirhuguðu nýju skipun á læknaHjeruðunum, þar sem tillögur hverrar sýslu- nefndar út af fyrir sig, að eins næðu til sjálfrar sýslunnar. Álit sýslunefnd- anna voru framlögð og tillögur aukalæknisins í Dalasýslu og Bæjarhreppi,

7. dag septembermán. 1896.

119

sem eigi hafði getað mætt á fundi sýslunefndarinnar í Strandasýslu. Énn fremur voru lagðar fram tillögur amtsráðsins í Suðuramtinu um læknaSKIP-unarmálið.

Nefnd var kosin til að láta uppi álit sitt um málefni þetta, og hlutu kosningu amtsráðsmennirnir úr Vestur-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýlu.

6. Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt umboði amtsráðsins hefði rannsakað og úrskurðað sýsluvegasjóðsreikninginn úr Dalasýslu fyrir 1894, og sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikningana úr Vestur- og Austur Barðastrandar-sýslu fyrir s. á.

Forseti minntist á, að eigi hefði framkomið á amtsráðsfundinum í fyrra neinn sýsluvegasjóðsreikningur úr Dalasýslu fyrir 1894, en eptirritið af gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 23. og 24. apríl f. á., hefði eigi sýnt annað, en að framlögð hefði verið skýrsla um unnar sýsluvegabætur, og hafði sýslunefndin látið sjer nægja þetta, í stað þess að heimta reikning. Forseti hafði síðan eptir skipun ráðsins heimtað reikning, sem loksins barst honum með brjefi sýslumannsins, dags. 12. nóvbr. f. á., og þar sem hreinskilnislega er játað, að hann (og sýslunefndin) heimti ekki inn sýsluvegagjaldið, heldur væri hver hreppur látinn vinna upp sitt gjald »með tvöfaldri vinnu«, eins og komið er að orði í brjefum. Þótt reikningur sá, sem sýslumaður samkvæmt þessu hafði búið til, væri eins og við er að búast, hafði forseti samt samþykkt hann í þetta skipti, og gefið sýslumanni og sýslunefndinni, í brjefi dags. 18. jan. þ. á., sem var lesið upp, nauðsynlega vísbendingu um, hvornig fara ætti með sýsluvegafje, sem sje hegða sjer nákvæmlega eptir hinum gildandi vegalögum, og sjerstökum fyrirskipunum amtsráðsins (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Vesturamtinu, 16.—18. júlí 1892, Stjórnart. 1892 B. bls. 224, og skýrslu um fund sama amtsráðs 13.—15. júní 1893 (Stjórnart. 1893 B. bls. 70). Vegabótaskýrsla fylgdi með reikningnum undirskrifuð af einum manni í stað þess, að út hefði átt að taka vegabæturnar. Sýsluvegagjaldið var reiknað út eptir verðlagsskránni fyrir 1894—1895, en hefði átt að reiknast út eptir verðlagsskránni fyrir 1893—94, samkvæmt eldri og yngri vegalögum, sbr. brjef dómsmálastjórnarinnar 9. nóvbr. 1867.

Þrátt fyrir það þótt forseti hefði í þessu brjefi sínu lagt sýslumanni og sýslunefndinni fyrir, að fylgja nákvæmlega hinum gildandi vegalögum, bæði hvað niðurföfnun vegagjaldsins snertir og innheimtu þess og reikningsskil, ályktaði amtsráðið að fela forseta að brýna eun einu sinni fyrir sýslunefndinni, að fylgja nákvæmlega eptirleiðis hinum núgildandi lögum 13. apríl 1894, um vegi, og fyrgreindum fyrirskipunum amtsráðsins, sem vildi þar auki taka það fram hjer, að unnin vegabót skyldi ávallt tekin út af 2 af sýslumanni tilkvöddum mönnum, ef kostnaðurinn hefði hlaupið 100 kr. eða meira, en ella mætti nægja vottorð sýslunefndarmanns eða 2 skilvísra manna um hina unnu vegabót.

7. Forseti lagði fram sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1895, sem hann hafði yfirfarið samkv. 41. gr. tilsk. 4. maí

1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og fylgdu með þær athugasemdir, sem endurskoðendur sýslunefndanna höfðu gjört við reikningana og svör reikningshaldara.

Amtsráðið skoðaði reikningana og úrskurðaði þá.

Sjerstaklega var athugað við sýslusjóðsreikninginn úr Dalasýslu, að sýslunefndin þar hefir (gjaldlið 11) borgað út einum manni 50 kr. fyrir Þingvallafundarferð, eða ferð á Þingvallafund 1895; þessi útborgun hafði verið ályktuð á fundi sýslunefndarinnar 4. nóvbr. f. á., og eins og skýrt er frá í brjefi sýslumannsins 12. desbr. f. á., sem var framlagt, samþykkt með eins atkvæðismun. Forseti hafði síðan í brjefi, dagsettu 17. jan. þ. á., bent sýslunefndinni á, að þessi fjárveiting mundi ekki lögmæt, sbr. brjef landshöfðingja 16. júní 1884. (Stjtið. 1884, B. bls. 118) og skýrslu um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 29. júní—1. júlí 1886, nr. 20. (Stjtið. 1886, B. bls. 110), og skorað á nefndina, að taka ályktun sína til ítarlegrar yfirvegunar, þá er hún rannsakandi sýslusjóðsreikninginn fyrir 1895. Sýslunefndin hefir samt sem áður haldið fast við þessa ályktun sína, og eigi fellt hinn umrædda gjaldlið úr reikningnum.

Amtsráðið ályktaði, að áðurnefndur gjaldliður skyldi falla niður, með því slík greiðsla væri eigi samkvæm gildandi lögum, og skyldi oddviti sýslunefndarinnar annast um, að upphæðin 50 kr. yrði borguð sýslusjóði aptur, og talin með tekjum í reikningnum fyrir 1896.

8. Forseti framlagði eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:

a. Úr Strandasýslu frá 29. okt. f. á. og 14.—16. apríl þ. á.

Með því eigi mátti jafna niður, sem sýslusjóðsgjaldi meiru en 539 kr. 89 a. samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, sbr. 26. gr. 4, hefði sýslunefndin þurft samþykki amtsráðs til niðurbjefnunar þeirrar, er fram hefur farið, 568 kr. 44 a., og ályktaði amtsráðið að veita slíkt samþykki.

b. Úr Ísafjarðarsýslu frá 12. nóvbr. f. á. og 5.—7. marz þ. á.

Í brjefi 26. maí þ. á., sem var framlagt, hafði sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu óskað eptir samþykki amtsráðs til þess að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi fyrir 1896 2529 kr. 40 a., sem er 721 kr. 23 aur. meira, en nefndin án samþykkis amtsráðs gat jafnað niður.

Amtsráðið samþykkti þetta.

c. Úr Austur-Barðastrandarsýslu frá 28. júní og 1. október f. á. og 18.—19. júní þ. á.

Var framlagt brjef sýslumanns, dags. 29. f. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar sækir um samþykki ráðsins til þess að jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi 25 aurum á hvert hundrað (700 kr.), sem fer fram úr því, sem jafna má niður án leyfis amtsráðsins. Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki.

d. Ur Vestur-Barðastrandarsýslu frá 15. maí og 16. oktbr. f. á. og 6.—7. maí þ. á.

Sýslunefndin hefir upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins jafnað niður

119

800 kr. sem sýslusjóðsgjaldi, sem fer langt fram yfir það, sem jafna mátti niður, sem er 453 kr. 1 eyrir. Amtsráðið samþykkti þetta með hliðsjón af því, sem er tekið fram í hjer að lútandi brjefi sýslumannsins, 17. maí þ. á., sem var framlagt.

e. Úr Dalasýslu frá 4. nóvbr. og 30. desbr. f. á. og 11. marz þ. á.

f. Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 28. oktbr. f. á. og 23.—27. marz þ. á.

Amtsráðið samþykkti að sýslunefndin hafði jafnað niður sem gjaldi til sýslusjóðs 1390 kr. 29 a., sem fer talsvert fram yfir það, sem jafna mátti niður án leyfis ráðsins, sem sje 1084 kr. 8 a.

g. Úr Mýrasýslu frá 15. nóvbr. f. á. og 17.—18. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá, að hann samkvæmt tillögum sýslumanns, í brjefi 21. apríl þ. á., sem var framlagt, hefði upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins leyft sýslunefndinni að jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi 1073 kr. 11 au., en upphæð sú, sem jafna mátti niður án samþykkis amtsráðsins, er 992 kr. 37 a. Amtsráðið samþykkti þetta.

Amtsráðið athugaði að sýslusjóðsgjaldið í öllum sýslum amtsins, nema Dalasýslu, hefði hækkað, eins og frá er skýrt bæði vegna kostnaðar við hundalækningar og bækkunar á launum yfirsetukvenna. Í Ísafjarðarsýslu hafði gjaldaukinn helzt orsakast af láni til spítala og kostnaði til gufubátsferða.

9. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Strandasýslu ályktaði amtsráðið, að mæla fram með því við landshöfðingja, að hann veitti allt að 2000 kr. til vörðuhleðslu og til þess að bæta úr torfærunum á þeim hluta vegarins yfir Laxárdalsheiði, sem liggur frá sýslumótum Dalasýslu og Strandasýslu að Borðeyri, og sem er í fjallvegatölu.
10. Forseti skýrði frá, að hann samkvæmt tillögum sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og ályktun sýslunefndarinnar í Austur-Barðastrandarsýslu á fundi hennar 28. júní þ. á., hefði leyft upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins, að sýslufjelagið mætti taka 1400 kr. lán, sem skyldi endurborgast á 14 árum, til þess að endurbæta allan sýsluveginn, sem liggur eptir endilangri sýslunni. Amtsráðið samþykkti þetta.
11. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 1. júní og 14. ágúst f. á., og tillögur sýslunefndanna í Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslum um það, hvar sýsluvegir skyldu liggja um sýslurnar, en tillögur þessar höfðu ekki komið í tíma til amtráðsfundarins 14. júní f. á. Samkvæmt þessum tillögum var ákveðið, að sýsluvegir í Austur-Barðastrandarsýslu skyldu vera þessir:

Frá Þingmannarjóðri yfir Vattarnes, fyrir Skálmarfjörð yfir Klettháls, út með Kollafirði að sunnan, yfir Gufudalsháls, um Gufudal, fyrir Djúpa-fjörð, yfir Hjallaháls, inn fyrir Þorskafjörð að Kollabúðum þar til kemur á aðalpostleið, en upp frá því fylgi sýsluvegur aðalpósvegi að Gilsfjarðarbotni, og í Vestur-Barðastrandarsýslu:

Frá Smiðjukleifum út Barðaströnd, yfir Kleifaheiði upp hjá Haukabergi, út með Patreksfirði á Eyrar; þaðan eptir Mikladal í Tálknafjarðarbotn, út

með Tálknafirði að norðan, þar til er vegurinn liggur upp á Hálfván, yfir Hálfván að Bíldudal, frá Bíldudal inn að Fossi, yfir Fossheiði um Móru- dal á sýsluveginum hjá Krossi.

Aptur á móti gat amtsráðið eigi fallið á þá tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandasýslu, að vegurinn frá Haukabergi út að Hvallátrum, frá sýsluveginum upp á Hálfván út að Krossadal, og vegurinn frá Selárdal inn að Bíldudal skyldu nemast úr tölu »eiginlegra« sýsluvega, en helmingur af vegabótakostnaði við þá greiðast úr sýslusjóði, því bæði eru mótmæli komin fram gegn þessu, enda hljóta vegir þessir að vera annaðhvort sýsluvegir eða hreppavegir, og ákvarðanir samkvæmt 18. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, verða eigi gjörðar í eitt skipti fyrir öll. Aptur á móti samþykkti amtsráðið, að vegurinn yfir Selárdalsheiði yrði numinn úr tölu sýsluvega.

12. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 15. maí þ. á., þar sem hann ber undir samþykki amtsráðsins þá ályktun sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu, að taka allt að 2000 kr. lán handa sýsluvegasjóðunum, sem skyldi endurborgast á 10—15 árum, til ruðnings og vegagjörðar á sýsluveginum, sjerstaklega yfir Mikladal, Hálfván, Fossheiði og Kleifaheiði. Amtsráðið samþykkti þessa lántöku, en vildi samt brýna fyrir sýslunefndinni að gæta þess, að æfður verkstjóri yrði fenginn til þess að standa fyrir vegabótum þessum.
13. Sýslunefndin í Strandarsýslu, hefir lagt það til, að tekinn sje í tölu sýsluvega vegarkafinn frá Kálfanesmelnum fram í Hólmarif við Steingrimsfjörð, og samþykkti amtsráðið það.
14. Endurskoðendur lögðu fram aptur reikningana yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, búnaðarskólasjóðsins og búnaðarsjóðsins, og voru reikningarnir samþykktir án athugasemda.
15. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Barðarstrandarsýslu, 29. júní þ. á., og þar með fylgjandi ágrípsendurrít af gjörðabók sýslunefndarinnar í Aust-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi ályktun nefndarinnar um brúargjörð á Vattardalsá.

Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin mætti fyrir hönd sýslusjóðs taka 900 kr. lán með svo vægum kjörum, sem unnt væri til þess að brúa nefnda á, með því skilyrði, að sýslubúar legðu til 300 kr. og að það yrði álitid, að allur kostnaðurinn við brúargjörðina færi eigi fram úr 1200 kr.

16. Forseti lagði fram erindi frá sýslunefndarmanninum í Neshrepp innan Ennis í Snæfellsnessog Hnappadalssýslu, síra Helga Árnasyni í Ólatsvík, 13. f. m., þar sem hann skýtur til amtsráðsins þeirri ályktun sýslunefndarinnar á fundi hennar 23.—27. marz þ. á., að honum bæri eigi sú 10 kr. þóknun, sem hann hafði gjört tilkall til fyrir að hafa haft umsjón og eptirlit með ruðning á sýsluveginum á Fróðarheiði og á Búlandshöfða, sem átti að kosta 54 kr. Ennfremur var framlagt umsagnarbrjef sýslumanns nefndrar sýslu, 27. f. m., um málaleitun þessa. Amtsráðið áleit, að 12. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, geti eigi heimilað sýslunefndarmanninum neina þóknun fyrir hið umrædda starf, og ekki væri heldur slíka heimild að finna í 3. gr.

119

laga 9. jan. 1880 um breyting á tilsk. um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, enda hefði hjer verið um lítið verk að ræða. Amtsráðið fann því enga ástæðu til að breyta fyrnefndri sýslunefndarályktun.

17. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, 15. maí þ. á., þar sem hann eptir ósk sýslunefndarmannsins úr Suðurfjarðarhreppi, sira Jóns Árnasonar í Otrardal, skýtur til amtsráðsins þeim úrskurði sýslunefndarinnar á hreppavegareikningi hreppsins fyrir 1895, að gjaldaliður VI., 5 kr., fyrir áreið eða skoðun á vegagjörðum á hreppavegum á Norðhlíð, Sunnhlíð og Hrafnskagahlíð skyldi falla burt og upphæðin teljast með tekjum í næsta reikningi. Amtsráðið ályktaði að úrskurðir sýslunefnda á hreppareikningunum væru endilegir, og að þeim yrði eigi breytt í amtsráðinu, nema upplýst sje, að sýslunefndin hafi farið fram úr því, sem hún hafði vald til, eða beitt ólögum, sem alls eigi hefir átt sjer stað hjer, enda er það, eins og sýslumaðurinn tekur fram, skylda hreppsnefndarmanna, samkv. 19. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, að líta eptir því, hvort framkvæmd á hreppavegagjörð sje vel af hendi leyst. Af þessum ástæðum ályktaði amtsráðið að vísa málinu frá sjer.
18. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Dalasýslu, 19. maí þ. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefndin hafi ákveðið, að leita upplýsinga um steinoliubáta og taka allt að 10000 kr. lán fyrir hönd sýslusjóðs, ef álitíð yrði heppilegt að kaupa slíkan bát til ferða á Hvammsfirði og Gísfirði og óskar sýslumaður eptir að amtsráðið vilji veita nefndinni heimild til þessarar lántöku.

Amtsráðið fann ekki ástæðu til að veita þetta samþykki að svo komnu, fyr en þær upplýsingar lægju fyrir, sem leita skyldi, um steinoliubáta eða báta af því lagi.

19. Forseti skýrði frá þeirri uppástungu sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, að aukið sje við yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar einu umdæmi, sem nái yfir Ingjaldssand í Mýrahreppi, Mosdal og Valþjófsdal í Mosvallahreppi, og enn fremur að 10. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar (Grunnavíkurhreppi), sje skipt í tvö umdæmi þannig að Skorarheiði skipti umdæmunum.

Samkvæmt þessari uppástungu ákvað amtsráðið, að nýtt yfirsetukvennaumdæmi skyldi stofnað, er nefndist 4. yfirsetukvennaumdæmi Ísafjarðarsýslu, og næði yfir Ingjaldssand í Mýrahreppi (3. umdæmi) og Mosdal og Valþjófsdal í Mosvallahreppi (hinu núverandi 4. umdæmi). Í annan stað skyldi skipta Grunnavíkurhreppi, sem nú er 12. umdæmi en ekki 10. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar (sbr. Stjttíð, 1896, B. bls. 71) í 2 umdæmi, sem sje 13. umdæmi Ísafjarðarsýslu, sem nái yfir Grunnavíkurhrepp fyrir sunnan Skorarheiði, og 14. umdæmið, sem nái yfir nefndan hrepp fyrir norðan þessa heiði. Við þetta breytast nr. á yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar, eins og þau eru talin í skýrslu þeirri, sem prentuð er í Stjórnartíðindunum 1896. B. bls. 70—72, og verða þau alls 16.

20. Samkvæmt tillögum forseta hækkaði amtsráðið ferðakostnað tveggja manna, sem samkvæmt sjerstakri skipun amtsins höfðu fjallað um sættir utan síns sáttaumdæmis í septbr. f. á., úr 12 kr. upp í 20 kr. fyrir hvorn þeirra.

21. **Amtsráðið** veitti 50 kr. úr jafnaðarsjóði á þessu yfirstandi ári og eptirleidis árlega fyrst um sinn, sem þóknun fyrir skriptir við amtsráðið. **119**
22. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 21. septbr. f. á., þar sem hann út af óreglu, sem sumstaðar hefði átt sjer stað um meðferð á styrktarsjóðum handa alþýðufólki, samkvæmt lögum 11. júlí 1890, fyrirskipar, að leggja skuli sýslunöfnum fyrir, að leggja fram á hinum árlegu aðalfundum sýslunefndanna til athugunar skýrslur þær, um nefnda sjóði, sem ræðir um í 8. gr. laga þessara, þannig að þess væri getið í gjörðabókum nefndanna, svo að það sæist, hvort skýrslur hefði vantað, og ef eitthvað hefði fundizt athugavert við framkomnar skýrslur, en síðan skyldi amtsráðið hafa eptirlit með, að heimtað yrði það, sem vanta kynni af skýrslunum, og að hreppunum yrði haldið til þess, að framfylgja ákvæðum nefndra laga.

Af hinum framlögðu gjörðabókaendurritum frá aðalfundum sýslunefndanna í Vesturamtinu á yfirstandandi ári, hafði fyrnefndum lögum verið framfylgt eins og frá er skýrt hjer:

- a. Í Strandasýslu var allt í lagi, nema í Bæjarhreppi; úr þeim hreppi voru eigi komnar skýrslur og skilagreinar fyrir greiðslu gjaldsins á árunum 1894 og 1895. Amtsráðið fól forseta sínum að skora á sýslumann að annast um að þetta væri lagað fyrir árslok og senda forseta skýrslu um, að svo væri gjört.
- b. Í Ísafjarðarsýslu vantaði alveg reikninga fyrir árið 1895 úr Auðkúlu-Háls-, Ögur-, Reykjaftjarðar- og Grunnavíkurhreppum, og hafði sýslunefndin falið oddvita, að heimta reikningana frá hlutadeigandi hreppum, endurskoða þá og úrskurða og jafnframt tjá hlutadeigandi reikningshöldurum óánægju sýslunefndarinnar yfir þessari vanrækslu. Reikningurinn úr Eyrarhreppi bar ekki með sjer, hvað mikið væri í sjóði. Reikningarnir úr Suðureyrar-, Súðavíkur- og Sljettuhreppum voru ekki endurskoðaðir, og hafði sýslunefndin falið oddvita, að senda þá aptur til endurskoðunar af hreppsnefndum þeim, sem í hlut áttu.

Amtsráðið fjellst á þessar fyrirskipanir sýslunefndarinnar, og fól forseta að heimta skýrslu sýslumanns um, hvort allt væri komið í lag fyrir árslok.

- c. Í Austur-Barðastrandarsýslu vantaði skýrslur úr Múlahreppi og Flat-eyjarhreppi, og hafði sýslunefndin falið oddvita sínum að ganga eptir skýrslum þessum. Amtsráðið fól forseta, að heimta skýrslur sýslumannsins um að allt hjer að lútandi væri komið í lag fyrir árslok.
- d. Í Vestur-Barðastrandarsýslu hafði sýslunefndin lagt úrskurði á hina framkomnu reikninga og virtist hafa verið eitthvert ólag á reikningunum úr Dalahreppi, úr því oddvita og sýslunefndarmanninum, úr nefndum hreppi hafði verið falið að rannsaka alþýðustyrktarsjóðsreikningana úr hreppnum frá byrjun.

Jafnframt framlagði forseti brjef sýslmannsins í Barðastrandarsýslu, 15. maí og 29. júní þ. á., þar sem hann ber upp fyrir amtsráðinu þær óskir sýslunefndanna í Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu, að ráðið vildi hlutast til um, að breyting fengist á lögum 11. júlí 1890 um styrkt-

119

arsjóði handa alþýðufólki, sem færi í þá átt, að sýslumenn innheimtu gjaldið á manntalsþingum, og að sýslunefndin úrskurðaði reikninga hans hjer að lútandi fyrir hvern hrepp.

Amtsráðið ályktaði að mæla með svofelldri breytingu, og fól forsetanum að afgreiða mál þetta til landshöfðingja.

- e. Í Dalasýslu voru framkomnir reikningar frá 4 hreppum (fyrir 1895 að líkindum), sem ekkert fannst að athuga við, og hafði oddvita verið falið á hendur að ganga eptir vantandi reikningum úr Hörðudals-, Haukadals-, Skarðstrandar- og Saurbæjarhreppum og úrskurða þá.

Amtsráðið ályktaði, að oddviti skyldi senda forseta amtsráðsins skýrslu, þegar allt væri komið í lag, hvað þessa reikninga snertir, eigi síðar en fyrir árslok.

- f. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu voru framkomnir reikningar fyrir 1895 úr Stykkishólmshreppi og Helgafellsveit, sem ekkert hafði fundizt athugavert við. Sömmuleiðis höfðu verið lagðir fram reikningar úr Skógarstrandarhreppi, Eyrarsveit, Staðarsveit og Miklaholtshreppi, en þá reikninga höfðu hlutaðeigandi hreppsnefndir vanrækt að endurskoða, og kvittanir vantaði fyrir greiðslu í söfnunarsjóðinn. Úr hinum hreppunum, Breiðuvíkurreppi, Neshreppi utan Ennis og Neshreppi innan Ennis, Kolbeinstaðahreppi og Eyjahreppi vantaði allar skýrslur eða reikninga fyrir 1895, við víkjandi styrktarsjóðum handa alþýðufólki.

Amtsráðið ályktaði, að skora á sýslumanninn að gangast sem ríkast eptir því, að allt væri komið í lag, sem snertir þessa sjóði í ýmsum hreppum sýslunnar, svo tímanlega, að hann gæti skýrt forseta frá því fyrir árslok, að reikningarnir fyrir 1895 úr öllum hreppunum væru endurskoðaðir og hið innheimta fje greitt í Söfnunarsjóðinn.

- g. Í Mýrasýslu var að eins fram kominn einn reikningur fyrir 1895, sem var úrskurðaður, sem sje úr Hvítársíðuhreppi. Að öðru leyti hafði verið ómögulegt að úrskurða hina framlögðu reikninga vegna vantandi upplýsinga, og hafði oddvita verið falið, að ganga eptir því, sem vantaði og úrskurða reikningana. Amtsráðið skoraði á sýslumann að annast um að allt, sem að þessu lýtur, væri komið í lag fyrir árslok og skyldi hann senda forseta skýrslu sína um það.

23. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dagsett 28. desbr. f. á., um það, að sýslunefndir og amtsráð ljetu í ljósi álit sitt um, hvort eigi væri unnt að gjöra frekari ráðstafanir, en nú eiga sjer stað, til eyðingar refum hjer á landi og ennfremur álit sýslunefndanna í Vesturamtinu um þetta málefni. Jafnframt skýrði forseti frá þeirri stefnu, sem sýslunefndirnar í Suðuramtinu höfðu tekið í málinu, og álit það, sem amtsráðið þar hafði látið uppi um það á fundi sínum 23.—24. júní þ. á.

Tillögur sýslunefndanna í Sranda- og Mýrasýslu ganga í þá átt, að nauðsynlegt sje, að kæmu út almenn lög um eyðing refa, sem giltu fyrir allt landið, en hinar sýslunefndirnar halda sjer við þau ákvæði, sem nú gilda um grenjavinnslu og eyðing refa.

Amtsráðið áleit litla von til, að almenn lög um þetta efni mundu

koma að tilætluðum notum, og vildi því ekki ráða til að þau yrðu samin að sinni, enda væri ot lítil reynsla til fyrir því, að hve miklu leyti hinar nógildandi og nýlegu reglur um eyðing refa dygðu.

24. Forseti framlagði skýrslu um kennsluna á kvennaskólanum í Reykjavík-1895—'96 og um vorprófið við tjeðan skóla, og ennfremur til eptirlits reikning yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1894/95.

Samkvæmt framkominni bænarskrá veitti amtsráðið skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.

25. Aptur var framlagður endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir 1895, og var hann samþykktur án athugasemda.

Með skírskotun til þess, sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 14.—15. júní f. á., (sbr. Stjtið. 1895 B. bls. 184), skýrði forseti frá, að bókavörður safnsins, hjeraðslæknir David Sch. Thorsteinson, hefði samið bókaskrá, og var hún lögð fram prentuð. Amtsráðið ályktaði að veita höfundinum sem borgun fyrir starf hans 150 kr., en í þessu skyldi vera fólgin borgun fyrir niðurröðun bókana eptir skránni og skyldi bókaskráin seld fyrir 25 a. hvert eintak, til ágóða fyrir safnið. Ráðið veitti til safnsins á yfirstandandi ári 300 kr.

26. Nefnd sú, sem skipuð hafði verið til þess að, að segja álit sitt um lækna-skipunarmálið, ljét uppi tillögur sínar og uppástungur hjer að lútandi, og fjellst amtsráðið á þær að öllu leyti.

Samkvæmt þessum tillögum ættu lækna-hjeruðin í Vesturamtinu að verða þessi, en 1. hjeraðið liggur að nokkru leyti í Suðuramtinu.

1. (Borgarfjarðarsýsla) Mýrasýsla ofan Langár.
2. frá Langá að Straumfjarðará. (Læknissetur Hitarnes).
3. Frá Straumfjarðará að Búlandshöfða. (Læknissetur Ólafsvík).
4. Eyrarsveit, Helgafellssveit, Skógarströnd, Ytri hluti Fellsstrandar, að Kjallaksstaðaá, allar eyjar í Skarðsströndarhreppi, nema Akureyjar, Rauðseyjar og Rúfeyjar, og Skarðsströnd inn að Ballará. (Læknissetur Stykkishólmur).
5. Dalasýsla, að undanteknu því, sem fylgir nr. 4 og Bæjarhreppur í Strandasýslu nema læknir verði skipaður í Húnavatnssýslu, er sitji ekki austar en í utanverðum Miðfirði vestan Miðfjarðará. (Læknissetur milli Laxár og Svínadals).
6. Geiradals-, Reykhóla- og Gufudalshreppar. (Læknissetur nálægt Berufirði).
7. Múlasveit og Hjarðarnes að Vatnsfirði, Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Skarðsströndarhreppi. (Læknissetur Flatey).
8. Barðaströndarhreppur vestan Vatnsfjarðará, Rauðasands-, Tálkna-fjarðará, Dala- og Suðurfjarðarhreppar, (Læknissetur Vatneyri).
9. Vestur-Ísafjarðarsýsla. (Læknissetur Þingeyri).
10. Ísafjarðarkaupstaður, Eyrar-, Hóls-, og Súðavíkurreppar. (Læknissetur Ísafjörður).

7. dag septembermán. 1896.

119

11. Ögur-, Nauteyrar-, Reykjafjarðar- og Snæfjallahreppar. (Læknissetur á Langadalsströnd).
12. Grunnavíkur- og Sljettuhreppar. (Læknissetur Hesteyri).
13. Strandasýsla að undanteknum Bæjarhrepp. (Læknissetur utarlega í Staðarsveit).

Barðstrendingar milli Vatnsdalsár og Hagavaðals ættu að eiga jafnt tilkall til læknishjálpar hjá læknum í Flatey og læknum í vesturhluta Barðastrandarsýslu, Múlahreppingar og Hjarðnesingar jafnt tilkall til læknisins í Flatey og læknisins í austurhluta Barðastrandarsýslu.

27. Amsráðið samþykkti þá breytingu, sem sýslunefndin í Dalasýslu hafði gjört á hinni núgildandi fjallskilareglugjörð sýslunnar, þar sem ákveðið er að ein fjárrjett skuli vera í hverjum hreppi, og að fjárrjettin í Laxárdalshreppi sje á Dönustöðum, sem sje að fjárrjettin skyldi eptirleidis vera í Gillastadalandi norðan Laxár, þó þannig, að einnig mætti hafa aðra fjárrjett sunnan Laxár í Svarfólslandi, ef meiri hluti hreppsbanda óskudu þess. Þar sem hreppsbandur nú síðast hafa ákveðið, að láta sjer nægja, að hafa eina rjett, sem sje á Gillastadahálsi, gat amsráðið eigi sinnt framkominni beiðni frá sýslunefndarmanni og hreppsnefndaroddvita Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum, um að amsráðið vildi skipa svo fyrir, að rjettirnar skyldu vera tvær í Laxárdalshreppi, önnur fyrir sunnan og hin fyrir norðan Laxá.
28. Forseti skýrði amsráðinu frá þeim ráðstöfunum, sem gjörðar höfðu verið á árinu 1895 og á yfirstandandi ári í flestum sýslum Vesturamtsins, svo og í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu í Suduramtinu gegn fjárkláða, sem álitid var að gjört hefði vart við sig að meiru eða minna leyti, svo sem fjárskoðunum, lækningum og böðunum á stærri og minni svæðum, eptir því, sem hefði þótt þörf á. Ennfremur skýrði forseti frá því, að hann hefði í hyggju, að fyrirskipa almennar skoðanir og baðanir á fje á komandi hausti í Vesturamtinu, fyrnefndum sýslum í Suduramtinu og í Árnes-sýslu vestan Hvítár og Ölfusár og enn austar, ef lögreglustjóra þar þætti nauðsyn til bera.

Jafnframt var framlagt brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 29. júní þ. á., þar sem borin er upp sú tillaga sýslunefndarinnar í Austur-Barðastrandarsýslu, að nauðsynleg baðmeðul yrðu útveguð á kostnað amts-sjóðs.

Amsráðið ljet í ljósi, að lög væru ekki fyrir því, að slíkur kostnaður yrði greiddur úr amtsjafnaðarsjóðunum, sbr. það, sem tekið er fram í 6. gr. tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Amsráðið ályktaði að skora á forseta, að fyrirskipa almennar fjárskoðanir og baðanir í öllum sýslum amtsins á komandi hausti, þá er fje væri komið í hús eða pössun, að menn hefðu nákvæmar gætur á heilbrigði fjárens á komandi vetri og láta almennar skoðanir og baðanir framfara að vori; ennfremur skyldi gæta þess vandlega að sótthreinsa hús.

29. Amsráðsmaður og skólastjóri Torfi Bjarnason í Ólafsdal skýrði ráðinu frá

skólahaldinu þar og um kennsluna á skólanum 1895/96; var enn fremur lagð- **119**
ur fram reikningur um viðskipti amtsins og skólans 1895—96.

Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt beiðni skólastjóra hefði leyft honum upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins að fresta því til næsta vetrar, að semja til prentunar skýrslu þá fyrir undanfarin ár um búnaðarskólann í Ólafsdal, sem amtsráðið hafði æstkt eptir, að kæmi út veturinn 1895—96, svo í skýrsluna kæmist lýsing á hinu nýja og stækkaða skólahúsi, sem skólastjóri ætlaði sjer að koma upp nú á þessu sumri.

Amtsráðið samþykkti þetta.

30. Amtsráðið ályktaði að verja til Ólafsdalsskólans á yfirstandandi ári fyrir skólaárið 1896/97:

1. Meðgjöf með 6 piltum í efri deild á 150 kr.	kr. 900 00
2. Meðgjöf með 6 piltum í neðri deild á 250 kr.	— 1500 00
3. Laun forstöðumanns	— 800 00
4. Laun aðstoðarkennara	— 350 00
5. Til verkfærakaupa og áhalda	— 100 00
6. Til prófdómanda	— 40 00
7. Vextir af og borgun upp í bankalán	— 104 33
8. Til bókakaupa	— 50 00
9. Úr landssjóðsstyrknum fyrir 1896 til húsabygg- ingar	— 500 00
	Samtals kr. 4344 33

og skyldi til þess ganga:

1. Styrkur úr landssjóði	kr. 3000 00
2. Úr búnaðarskólasjóði	— 944 33
3. Úr búnaðarsjóði	— 400 00
	Samtals kr. 4344 33

31. Amtsráðið ályktaði að veita sjerstaklega úr jafnaðarsjóði 300 kr. á yfir-
standanda ári til þess að kaupa sjónauka (microscop), sem fylgdi fyrst um
sinn búnaðarskólanum í Ólafsdal, þó sem eign amtsins og undir ábyrgð
skólastjóra.

32. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir
1897.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 1500 00
2. Jafnaðarsjóðs-gjald	— 1565 00
	<u>kr. 3065 00</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000 00
2. Bólusetningar frá tímanum fyrir 1. jan. 1896	— 100 00
3. Til kvennaskólans í Reykjavík	— 100 00
4. Til amtsbókasafnsins	— 200 00

Flyt kr. 1400 00

119

Fluttar kr. 1400 00

5. 3. afborgun upp í og vextir af banka-		
láni frá $28/6$ '95	—	565 00
6. Ferðakostnaður	—	200 00
7. Ýmislegt	—	100 00
8. Eptirstöðvar	—	800 00
		<u>kr.3065 00</u>

33. Amtsráðið ályktaði að taka með væntanlegu leyfi landshöfðingja allt að því 12000 kr. lán upp á jafnaðarsjóð amtsins úr landsbankanum í Reykjavík fyrir 15 til 20 ár, sem amtsráðið svo apturlánaði Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal gegn 1. veðrjetti í Ólafsdal innan Saurbæjarhreppar í Dalasýslu með öllu því, sem þessari jörð fylgir og fylgja ber, húsum og öðru, að með töldu hinu nýja skólahúsi, sem þar verður byggt nú, og í þeirri upphæð, sem það verður váttryggt fyrir eptir mati óvilhallra manna; að öðru leyti undirgengst Torfi Bjarnason hina sömu skilmála snertandi afborgun og vaxtagreiðslu, sem amtsráðið tekur að sjer gagnvart landsbankanum. Amtsráðið fól forseta sínum að undirskrifa skuldabréf þess gagnvart bankanum, og taka við lánsfjenu til þess, sem sagt var.
34. Amtsráðið ályktaði, að greiða 100 kr. fyrir fundarhúsleigu og átroðning. Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 14. ágúst 1896.

J. Havsteen.

120

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1893.

	Tekjur:	Kr. a.	kr. a
1. Eptirstöðvar við árslok 1894:			
a) Veðskuldabréf einstakra manna		7718 00	
b) Í landsbankanum ($21/1$ '95)		1452 96	
c) Í peningum		72 52	9243 48
2. Vextir á árinu 1895:			
a) Vextir af skuldabréfum sjóðsins frá $11/6$ '94— $11/6$ '95 af 7218 kr.		288 72	
b) Vextir frá $24/9$ '94— $11/6$ '95 af kr. 500		14 33	
c) Vextir af fje í sparisjóði $31/12$ '95		55 35	
d) Dagvextir af endurborguðu láni		» 55	358 95
3. Endurborgað lán			100 00
4. Búnaðarskólagjald 1895			637 59
			<u>Kr. 10340 02</u>

Gjöld:

1. Samkvæmt ályktun amtsráðsins lagt til búnaðarskólans